



Myndræn orð og setningar

Gömul kona arkar upp brekkuna, klædd í skósítt pils og ullarpeysu. Á höfðinu er hún með móbrúna húfu með lafandi dúski niður á bak. Tvær þunnar, gráar hárflettur liggja í hring niður á axlir og síðan aftur undir húfunu. (bls. 10)

Hún minnir mig á lukkuþröll, lágvaxin með svart, krullað hár sem stendur yfirleitt út í allar áttir. (bls. 14)

Amma tekur við pelanum og réttir að litla lambinu sem drekkur af áfergju. „Sko, litla kallinn. Hann er allur að koma til. Eftir svolítinn tíma get ég komið honum fyrir úti í stíu. Hann mun ekki gefa hinum lömbunum gramm eftir, þessi litli kútur.” (bls. 27)

Þráinn situr með hettuna fyrir andlitinu og það eina, sem sést undan peysunni, eru hendurnar sem halda á símanum. Ég skelli diskinum með súkkulaðikökunni undir hettuna svo hann neyðist til að færa símann og líta upp. (bls. 35)

Kistill á fjallstindi. (bls. 38)

Amma blikkar okkur, sækir borðtusku og þrífur eitthvað af hveitinu sem þekur eldhúsborðið. Við Hrafnklukka setjumst og ég hef á tilfinningunni að rassarnir verði hvítir þegar við stöndum aftur upp. Það lítur út fyrir að hveitið hafi þyrlast út um allt í eldhúsinu. (bls. 75)

Lásagras og dauðsmannshár (bls. 80)

Sólin er að setjast og rauður himinninn er nánast appelsínugullinn. Liturinn speglast í vatninu sem er stillt og fegurðin er algjör. Steinarnir eru sleipir og það er erfitt að fóta sig svo að við þráinn leiðumst. (bls. 89)

Þar sem ég sit kem ég auga á skrýttinn klett sem skagar upp úr þúfunum. Í þokunni minnir hann á einhvers konar mannsmynd, tröll eða stóran mann. Hakan skagar langt fram og nefið er stórt og mikið. Hann glottir til mín og hlær. (bls. 93)

Allt í einu heyrir ég skarkala fyrir utan gluggann. Í gegnum rúðuna sé ég þabba sem horfir hissa á okkur. Það er orðið of seint að þykjast eitthvað því að þabbi hefur komið auga á okkur Þráin í faðmlögum. (bls. 100)

Ég heyrir brjálæðið í sjálfri mér og stíg trylltan dans á gólfinu. Það glamrar í hálsskrautinu og ég veit að það er ekki sjón að sjá mig með dýrabeinin hangandi utan á mér. Á höfðinu hef ég komið fyrir haus af rollu sem ég slátraði í gær. Blóðið lekur niður enni og kinnar og ég dilla mér framan í hreppstjórann sem liggur á glugganum og gægist inn. (bls. 103)

Lillaputtaloforð (bls. 104)

Krúttlegir, litlir hnoðrar hlaupa innan um lyngið og rjúpumamma heldur áfram að gefa frá sér óttaslegið ýl meðan hún vingsar taugaveikluð um móana. Mögnuð þessi náttúra og hvernig dýrin vernda afkvæmi sín. (bls. 110)

Þegar skip Sigurfagurs fórst, ásamt allri áhöfninni, var talið að það væri af völdum Sessu og galdrakunnáttu hennar. Til er frásögn af því hvernig þokan barst frá Hóli og þéttist jafnt og þétt niður dalinn og alla leið út á sjó. Síðan gerði mikið fárveður alveg upp úr þurru sem varð til þess að skipið fórst. (bls. 111)

Út um allt má sjá náttúruleg dropasteinslistaverk, steinstrýtur standa upp úr ósléttu gólfinu eða hanga niður úr loftinu. Alls konar styttur og kynjamyndir sem hafa myndast á mörgum hundruðum og þúsundum ára. (bls. 125)

Allir eru í einni kös, bæði börn og fullorðnir, með hendur upp í loftið og líða um í takt við tónlistina. Sumir eru með lokuð augun og einhverjir gefa frá sér hljóð eða söngl um leið og þeir dansa. (bls. 131)

Hér í íshellinum er óteljandi litatóna að finna, bláir litir blandast gráum, hvítum, svörtum, silfrudum, gráum, glærum og grænum. Það er svo kalt að gufa streymir út um nasirnar og mig kitlar í nasavængina. (bls. 142)

Heimur á hvolfi (bls. 145)

Huldufólkið hefur sínar skuggahliðar og skuggafólk á sér góðar hliðar. (bls. 153)

Töfrajurtir á Jónsmessunótt (bls. 160)

Nákvæmlega fyrir miðju salarins steypist foss niður eins og beint af himnum ofan og endar í lítilli tjörn. Ljósið, sem berst inn að ofan, endurkastast á frussandi vatnið og við það myndast fjórir regnbogar sem teygja sig hver í sína áttina og mynda litríkt en gegnsætt þak yfir kirkjusalinn. (bls. 167)

Í beljandi vatninu birtist stórt andlit sem æpir á mig. Síðan breytist andlitið í mörg lítil andlit og grátandi barnsmunna, starandi augu og munna sem hlæja tryllingslega. (bls. 168)

Mosi og lyng kitlar mig og stingur þegar ég velti mér nakin um kalda jörðina. Það er erfitt að útskýra það en einhver frelsandi tilfinning fylgir þessari athöfn. Nakinn líkami í villtri náttúru. (bls. 178)

Ég horfi á Drífu og sé gerbreytta konu fyrir framan mig. Reiðisvipurinn á andlitinu gerir hana líkari norn en álfadrottningu. Hvítt hárið er úfið og í sumarandvaranum þyrlast það í allar áttir. (bls. 211)

Ég lýsi til hliðanna í hellinum og það líður ekki á löngu þar til við komum auga á þau. Beinagrind liggur þráðbein á gólfinu fjærst opinu. Við hliðina liggur lúin og rakaskemmd Biblía í svörtu bandi og silfurkross. (bls. 219)